

35

15. marz

52. gr.
Brot gegn reglugerð þessari og þeim reglugerðum, sem vísað er til í þessum kafla, varða sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri hegning liggja við eftir almennum lögum. Sektir renni í ríkissjóð.

53. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

54. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð nr. 81 13. marz 1950, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. marz 1956.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

36

8. marz

SAMPYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð yfir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 42 2. apríl 1928.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

1. Brekkuvegur: Af þjóðveginum fyrir utan Hof um Brekkubæina að Króki.
2. Efribyggðarvegur: Af þjóðveginum fyrir sunnan Hof um Steinnýjarstaði að Fjalli.
3. Sauravegur: Af þjóðveginum sunnan Laxár að Saurum.
4. Króksselsvegur: Af þjóðveginum að Króksseli.
5. Skeggjastaðavegur: Af þjóðveginum sunnan Hofsar að Skeggjastöðum.
6. Bakkavegur: Af þjóðveginum á Hofsmelum að Bakka.
7. Keldulandsvegur: Af þjóðveginum að Keldulandi.
8. Brandaskarðsvegur: Af þjóðveginum sunnan Harrastaðaár að Brandaskarði.
9. Skrapatunguvegur: Af Norðurárdalsvegi við Njálstaðahlíð að Skrapatungu.
10. Kambakotsvegur: Af þjóðveginum sunnan Hafursstaða að Kambakoti.
11. Engihlíðingabraut: Frá Skrapatungu að Kirkjuskarði.
12. Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi fyrir neðan Enni um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan við Neðri-Lækjardal.
13. Mýravegur: Af þjóðveginum að Efri-Mýrum.
14. Síðuvegur: Af þjóðveginum að Síðu.
15. Auðúlfsstaðaskarðsvegur: Af Langadalsvegi um Gautsdal að Mjóadal.
16. Merkurvegur: Af sýsluveginum við Gautsdal að Mörk.
17. Þverárdalsvegur: Af þjóðveginum og yfir Hlíðará neðan Þverárdals.
18. Svartárdalsvegur vestan ár: Af þjóðveginum norðan Fjósa um væntanlega brú á Svartá að Hóli.
19. Fossavegur: Frá Stafnsrétt að Fossum.

20. Blöndudalsvegur: Frá Austurhlíð að Bollastöðum. 36
21. Bakásavegur: Af Svínvetningabraut fyrir sunnan Kagaðarhól fram fyrir neðan 8. marz Ása í Svínavatnshreppi.
22. Bugsvegur: Frá Eiðsstöðum að Eldjárnsstöðum.
23. Svínadalsvegur: Af Þjóðveginum hjá Grund að Hrafnabjörgum.
24. Stóradalsvegur: Af Þjóðveginum hjá Auðkúlurétt að Stóradal.
25. Litladalsvegur: Af Þjóðveginum hjá Auðkúlurétt að Litladal.
26. Tungunesvegur: Af Svínvetningabraut að Tungunesi.
27. Holtsgvegur í Svínadal: Af Þjóðveginum við Svínadalsá að Holti.
28. Miðásavegur: Af Húnvetningabraut um Meðalheim að Hurðarbaki.
29. Orrastaðavegur: Af Þjóðveginum út fyrir neðan Orrastaði, þar til leiðir skilja að Hamrakoti og Orrastöðum.
30. Köldukinnarvegur: Af Svínvetningabraut að Köldukinn.
31. Hamrakotsvegur: Af Orrastaðavegi að Hamrakoti.
32. Holtsgvegur: Af Þjóðveginum sunnan Laxár að Holti.
33. Húnsstaðavegur: Af Þjóðveginum að Húnsstöðum.
34. Hælisvegur: Af Miðásavegi hjá Torfalækjarbrú að Hæli.
35. Þingeyrarvegur (áður Hagavegur): Af Þjóðveginum vestan Sveinsstaða um Þingeyrar að Geirastöðum.
36. Hagavegur: Af sýsluveginum hjá Klofasteini að Haga.
37. Steinnesvegur: Af sýsluveginum að Steinnesi.
38. Hólabaksvegur: Af Þjóðveginum um Hólabak að Umsvölum.
39. Forsæludalsvegur: Frá Vatnsdalsárbrú hjá Grímstungu að Forsæludal.
40. Ferjuvegur í Áshreppi: Af Þjóðveginum sunnan Kornsár að Vatnsdalsá gegnt Eyjólfstöðum.
41. Vaglavvegur: Frá Þórormstungu um Káradalstungu að Vöglum.
42. Sóleyjarholtsvegur: Af Þjóðveginum sunnan Undirfells að Undirfellsrétt.
43. Guðrúnarstaðavegur: Af Þjóðveginum við Tunguárbrú að Guðrúnarstöðum.
44. Bryggjuvegur: Frá Litla-Enni á Blönduósi út á bryggju.

Þar sem sýsluvegur liggur heim að býli, eru undanskildir 300 metrar vegar, mælt frá íbúðarhúsi, sem ekki telst sýsluvegur. Sýsluvegur nær þó aldrei nema að heimatúni býlis, þótt heimreið sé lengri en 300 metrar.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 1 8. janúar 1949, um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, frá 2. apríl 1928.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. marz 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Páll Pálmason.